



Árs- og sjálfbærniskýrsla 2024

 Styrkás

Þjónusta við uppbyggingu



Efnis yfirlit

1. Um Styrkás	4
2. Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	24
3. Áritun óháðs endurskoðanda	28
4. Fjárhagur	30
Rekstrarreikningur	31
Efnahagsreikningur	31
Sjóðstreymisyfirlit	35
Skýringar	36
5. Sjálfbærniskýrsla, óendurskoðuð	62
Kynning	63
Leiðarvísir sjálfbærniskýrslu	64
ESRS 1 – Almennar kröfur	68
ESRS 2 – Almenn upplýsingaskylda	82
Umhverfi	82
Félagsleg mál	98
Stjórnarhættir	110
Viðaukar	116
Stjórnarháttayfirlýsing	116
NASDAQ UFS mælikvarðar	122
Flokkunarreglugerð ESB (EU Taxonomy)	126



Ásmundur Tryggvason
Forstjóri Styrkás

1. Um Styrkás

Bréf frá forstjóra

Styrkás skilaði góðri afkomu á árinu 2024 sem var fyrsta heila starfsár félagsins frá því að Skel fjárfestingarfélag og Horn IV, fjárfestingarsjóður í rekstri Landsbréfa, lögðu grunn að stefnu félagsins. Styrkás hefur einsett sér að veita framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina sem byggir á gildum þess að sýna frumkvæði, vinna saman sem ein heild og að vera tilbúin í breytingar til að laga sig að þörfum viðskiptavina. Síðasta ár einkenndist af háu vaxtastigi og vaxandi slaka í hagkerfinu sem fól í sér áskoranir í starfsemiinni. Starfsmenn brugðust við með því að leggjast á eitt að markaðssetja öflugar lausnir, kynna nýjar vörur, veita framúrskarandi þjónustu og bjóða nýjar fjármögnunarlausnir. Afraksturinn skilaði sér í sterku ári hjá Styrkási þar sem bæði Skeljungur og Klettur skiluðu metafkomu auk þess sem Stólpi átti sterkt ár.

Fram undan er mikil uppbygging innviða á Íslandi. Viðhaldspörf hefur ekki verið sinnt sem skyldi og nemur samanlögð uppsöfnuð viðhaldspörf á innviðum um 680 milljörðum króna að mati Samtaka iðnaðarins. Umtalsverðar nýfjárfestingar eru einnig á teikniborðinu hvert sem lítið er. Nægir í því samhengi að nefna löngu tímabæra fjárfestingu í aukinni orkuframleiðslu, uppbyggingu flutningskerfis raforku, fráveitu- og hitaveitukerfa, stækkun flugstöðvar fyrir millilandaflug í Keflavík, uppbygging vega, ný jarðgöng og brýr og svo mætti lengi telja. Þá eru enn ótaldir metnaðarfullar atvinnuvegafjárfestingar í uppbyggingu landeldis og frekari fjárfestingar í ferðaþjónustu til að vera í stakk búin að takast á við bjartar vaxtarhorfur í greininni. Samantekið metur Styrkás að fjárfestingarþörfin sem blasir við nemi ekki undir 2.500 milljörðum króna.

„Uppgjör á innviðaskuld“ framundan

Áætluð fjárfestingapörf eftir atvinnugreinum*
Milljarðar króna

Vegferð Styrkás

Okkar gildi

Frumkvæði

Samvinna

Tilbúin í breytingar

Styrkás hf. er rekstrarfélag sem stofnað var árið 2022 og hóf rekstur í ársbyrjun 2023. Skeljungur ehf., Klettur - sala og þjónusta ehf. og Stólpi ehf. eru dótturfélög Styrkás og saman mynda þessi félög samstæðu Styrkás.

Það er stefna félagsins að verða leiðandi þjónustufyrirtæki á fyrirtækjamarkaði með styrk til að þjónusta innviða- og atvinnuvegafjárfestingu á Íslandi.


Markmið Styrkás er að byggja ofan á sterkar stoðir með innri og ytri vexti á fimm kjarnasviðum; orku og efnavöru, tækjum og búnaði, eignaumsýslu og leigustarfsemi, umhverfisþjónustu og iðnaði. Bæði með innri vexti á núverandi kjarnasviðum og með uppbyggingu nýrra kjarnasviða.

Þrjú félög voru starfrækt innan samstæðu Styrkás á árinu 2024 sem öll eru leiðandi á sínu sviði:

- Orka og efnavara, starfrækt af Skeljungu ehf.
- Tæki og búnaður, starfrækt af Kletti sölu og þjónustu ehf.
- Eignaumsýsla og leigustarfsemi, starfrækt af Stólpa ehf.

Til að ná fram samlegð og auka slagkraft innan samstæðunnar voru tvö stoðsvið stofnuð á árinu 2025. Þeirra hlutverk er að veita miðlæga þjónustu til kjarnasviða samstæðunnar.

Styrkás



- Fjármálasvið**
- Fjármálastjórnun
 - Áætlanagerð og greiningar
 - Innheimta
- Innri þjónusta**
- Mannauðsmál
 - Sjálfbærni- og gæðamál
 - Markaðsmál
 - Verkefnastýring

Mynd: Stjórnskipulag Styrkás.

*Umhverfi: Kaup á Hringrás eru með fyrirvara um áreiðanleikakönnun og samþykki Samkeppniseftirlits
*Iðnaður: Uppbygging kjarna ekki hafin




Jóhanna Helga Viðarsdóttir
Framkvæmdastjóri Innri þjónustu



Gunnar Skúlason
Fjármálastjóri

Þróun Styrkás



1) EBIT samstæðu með Stólpa allt árið 2024.

Metár hjá Styrkás



Hagnaður¹⁾
1.462 m.kr.

Styrkás skilaði metafrömu á árinu 2024 þar sem öll kjarnasvið samstæðunnar skiluðu góðri rekstrarafkomu. Rekstrarhagnaður (EBIT) samstæðunnar nam um 2,5 milljörðum króna og var 4% yfir rekstraráætlun. Aukning var í sölutekjum og leigutekjur jukust um rúmlega 50% og námu leigutekjur samtals um 1 milljarði króna hjá samstæðunni. Góður vöxtur var jafnframt í þjónustutekjum á milli ára. Handbært fé samstæðunnar nam 4,8 milljörðum króna í lok árs og nettó vaxtaberandi skuldir voru 2,1 ma.kr. Handbært fé móðurfélags nam 2,8 milljörðum króna í árslok sem veitir samstæðunni gott svigrúm til áframhaldandi vaxtar.



		Styrkás án IFRS	IFRS	Styrkás
Framlegð	m.kr.	9,774		9,774
EBITDA	m.kr.	2,711	523	3,235
EBIT	m.kr.	2,320	155	2,475
Hagnaður	m.kr.	1,537	-75	1,462

Framlegð ¹⁾	Rekstrarhagnaður (EBIT) ¹⁾	Heildareignir
9,8 ma.kr.	2,5 ma.kr.	32,4 ma.kr.
Eigið fé	Handbært fé	Nettó vaxtaberandi skuldir
14,6 ma.kr.	4,8 ma.kr.	2,1 ma.kr.

1) m.v. 12 m rekstrartölur Stólpa sem varð hluti af samstæðu Styrkás frá 1.4.2024

Afkoma kjarnasviða

Hlutfallsskipting kjarnasviða í afkomu Styrkás



Afkoma kjarnasviða

Rekstur kjarnasviða Styrkás og dótturfélaga gekk vel á árinu. Öll kjarnasvið samstæðunnar – tæki og búnaður, orka og efnavara, og eignaumsýsla og leigustarfsemi – skiluðu góðum tekjuvexti og afkomu.

Tæki og búnaður

Hjá Kletti var vöxtur þjónustutekna 9% milli ára. Metár var í sölu Scania vörubifreiða og sömuleiðis var mikill vöxtur í sölu hópbifreiða. Sala og þjónusta á CAT-vinnuvélum gekk vel og eru pantanabækur fyrir árið sterkar bæði í Scania og CAT sem gefur góð fyrirheit um áframhaldandi vöxt.

Orka og efnavara

Skeljungur skilaði metafkomu á árinu. 5% vöxtur var í seldu eldsneytismagni á milli ára og þjónustutekjur héldu áfram að styrkjast. Á sama tíma jókst sala á öðrum vörum, m.a. með auknu vöruframboði þar sem hafinn var innflutningur og sala á biki fyrir malbiksgerð.


Eignaumsýsla og leigustarfsemi

Hjá Stólpa var 6% vöxtur í tekjum milli ára, sem rekja má til sölu og leigu á gámum og húsnæðislausnum. Á móti kom aukinn kostnaður vegna smiðju- og kælipjónustu, en jákvæð þróun varð í starfseminni undir lok árs.



Tekju- samsetning

Skipting sölu-, þjónustu-og leigutekna milli kjarnasviða




Tekjusamsetning og þróun

Styrkás leggur áherslu á að byggja upp viðskiptasambönd við viðskiptavinum til langs tíma. Það endurspeglast í sölu á öllum vörum samstæðunnar, hvort heldur sem er í samningum um eldsneytissölu sem byggja í mörgum tilfellum á 2-3 ára þjónustusamningum eða sölu á tækjum og búnaði sem byggja á áratuga viðskiptasamböndum.


Sterk sala leggur grunninn að vaxandi þjónustutekjum en þjónustutekjur samstæðunnar jukust um 10% árið 2024 og námu þriðjungi af nettó tekjum samstæðunnar. Leigutekjur mynda einnig vaxandi tekjugrunn en leigutekjur jukust um rúmlega 50% í fyrra.

Styrkás stefnir að því að hækka enn frekar hlutfall þjónustu- og leigutekna og leggja þannig grunninn að arðbærum vexti byggt á grunni langtíma viðskiptasambanda. Sterkur efnahagsreikningur veitir svigrúm til áframhaldandi vaxtar leigutekna og mikill vöxtur í sölu á tækjum og búnaði leggur grunninn að hröðum vexti þjónustutekna til framtíðar.


Orka og efnavara



Tæki og búnaður



Eignaumsýsla og leigustarfsemi



■ Söluframlegð
■ Þjónustutekjur
■ Leigutekjur
■ Aðrar tekjur

Orka og efnavara: Söluframlegð af eldsneyti sem byggir á framúrskarandi þjónustu og hvílir á öflugum dreifikerfi stendur undir um 83% af heildarframlegð Skeljungs. Stór hluti sölu byggir á samningum við viðskiptavinum til nokkurra ára. Þá hefur Skeljungur tekið að sér aukið þjónustuhlutverk við viðskiptavinum og tók t.a.m. að sér rekstur eldsneytisafgreiðslu á Reykjavíkurlflugvelli um síðustu áramót.

Tæki og búnaður: Þjónustutekjur skapa yfir 60% af framlegðargrunni hjá Kletti. Þá hefur viðskiptavinum í vaxandi mæli verið boðið upp á fjölbreyttari fjármögnunarmöguleika sem hefur skilað sér í vaxandi leigutekjum. Framúrskarandi árangur í sölu nýrra tækja skapar traustan grunn fyrir áframhaldandi vexti þjónustutekna.

Eignaumsýsla og leigustarfsemi: Leigutekjur eru ört vaxandi og nema yfir 40% af framlegðargrunni. Sterkur efnahagsreikningur veitir svigrúm til áframhaldandi vaxtar leigutekna bæði í gámaleigu og húseiningaleigu. Þjónustutekjur fara einnig vaxandi með nýjum tekjustoðum en á síðasta ári var byrjað að veita kæliþjónustu sem fellur vel að annarri viðgerðarþjónustu sviðsins.

Sölusamstarf og samþætting þjónustuframboðs milli kjarnasviða samstæðunnar felur í sér stórt tækifæri til frekari vaxtar. Slík samvinna eykur jafnframt skilvirkni, styrkir markaðssókn og stuðlar að betri nýtingu innviða.

Þróun og horfur



Horfur ársins 2025

Horfur fyrir árið 2025 eru góðar. Áætlun ársins 2025 gerir ráð fyrir um 2,4 milljarða króna rekstrarhagnaði (EBIT) samstæðunnar án áhrifa IFRS.

Tæki og búnaður Áframhaldandi vöxtur þjónustutekna

Búist er við um 10% aukningu rekstrarhagnaðar (EBIT) í sölu og þjónustu á tækjum og búnaði hjá Kletti sem er drifinn áfram af auknum umsvifum. Opnun þjónustuverkstæðis Kletts í Hafnarfirði síðasta vor samhlíða stækkandi flota véla og tækja í þjónustu leggur grunn að áframhaldandi vexti þjónustutekna á árinu 2025.

Eignaumsýsla og leigustarfsemi Vöxtur í leigutekjum og nýtt athafnasvæði

Áætlun gerir ráð fyrir 10% aukningu rekstrarhagnaðar (EBIT) hjá Stólpa sem er drifinn af auknum umsvifum á húseininga- og gámasviði. Áætlanir gera ráð fyrir áframhaldandi vexti leigutekna sem er drifinn áfram af leigu húseininga. Stólpi flytur á nýtt 30 þúsund fermetra athafnasvæði að Gullhelli í Hafnarfirði um mitt ár þar sem nýtt 1.500 fermetra verkstæðis- og skrifstofuhúsnæði er í byggingu.

Orka og efnavara Lítils háttar samdráttur

Eftir að hafa skilað metári árið 2024 gerir áætlun Skeljungs ráð fyrir lítils háttar samdrætti í afkomu vegna minnkandi sölu á skipaeldsneyti. Þann samdrátt má rekja til aukinna kolefnisgjalda og skattheimtu sem fyrirséð er að muni færa eldsneytissölu til skemmtiferðaskipa og íslenskra skipa frá Íslandi til nágrannalanda.

Lóðir í eigu Styrkás Tækifæri til uppbyggingar

Um 30 þúsund fermetra lóð að Tinhelli er í þróun hjá Styrkás samstæðunni auk þess sem 3.000 fermetra byggingarréttur í Sægörðum veitir gott svigrúm til uppbyggingar og innri vaxtar.

Miðlæg þjónusta Aukin hagkvæmni

Innleiðing miðlægrar þjónustu Styrkás til dótturfélaga heldur áfram á árinu 2025. Áætlað er að það muni skapa bæði aukna hagkvæmni og lækka kostnað milli ára.

Umhverfisþjónusta Uppbygging nýs kjarnasviðs

Styrkás tilkynnti í desember 2024 um undirritun helstu skilmála kaupsamnings vegna kaupa á 100% hlut í Hringrás. Stefnt er að því að ljúka viðskiptum á 2. ársfjórðungi. Ekki er tekið tillit til áhrifa af afkomu Hringrásar í áætlun Styrkás.

2. Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Um Styrkás

Styrkás hf. er rekstrarfélag sem stofnað var árið 2022 og hóf rekstur í ársbyrjun 2023. Skeljungur ehf., Klettur - sala og þjónusta ehf. og Stólpi ehf. eru dótturfélög Styrkás og saman mynda þessi félög samstæðu Styrkás.

Viðskiptaumhverfi Styrkás 2024 einkenndist af nokkurri óvissu í ytra efnahagsumhverfi og óhagstæðum fjárfestingarskilyrðum vegna vaxtastigs. Þá fólu breytingar á regluverki í sér auknar álögur á eldsneytissölu sem brugðist var við með aukinni hagkvæmni og uppbyggingu nýrra tekjustrauma.

Það er stefna félagsins að verða leiðandi þjónustufyrirtæki á fyrirtækjamarkaði með styrk til að styðja við innviða- og atvinnuvegafjárfestingu á Íslandi.

Félagið starfar á mörkuðum sem skipta máli fyrir hagkerfið á Íslandi. Uppsöfnuð þörf er í uppbyggingu innviða og eftirspurn eftir vöru og þjónustu í orku, iðnaði, eignaumsýslu og leigustarfsemi, umhverfisþjónustu og öðrum iðnaði er að aukast ár frá ári. Stjórn Styrkás sér tækifæri til vaxtar á þessum mörkuðum. Markmið Styrkás er að byggja ofan á sterkar stoðir með innri og ytri vexti á fimm kjarnasviðum; orku og efnavöru, tækjum og búnaði, eignaumsýslu og leigustarfsemi, umhverfi og iðnaði. Bæði með innri vexti á núverandi kjarnasviðum og með uppbyggingu nýrra kjarnasviða.

Þrjú félög voru starfrækt innan samstæðu Styrkás á árinu 2024 sem öll eru leiðandi á sínu sviði:

- **Orka og efnavara**, starfrækt af Skeljungu ehf.
- **Tæki og búnaður**, starfrækt af Kletti sölu og þjónustu ehf.
- **Eignaumsýsla og leigustarfsemi**, starfrækt af Stólpa ehf., áður Klettaskjól ehf.

Áhersla verður lögð á uppbyggingu eftirfarandi kjarnasviða í framtíðinni:

- **Umhverfi**, með sérstakri áherslu á endurvinnslu og umhverfisþjónustu fyrir fyrirtæki.
- **Iðnaður**, með áherslu á þjónustu við stærstu atvinnugreinarnar.

Meðalfjöldi starfsmanna samstæðunnar á árinu, umreiknaður í heilsársstörf (ársverk), var 233 (2023: 168).

Rekstur ársins og framtíðarhorfur

Öll kjarnasvið samstæðunnar skiluðu góðri rekstrarafkomu á árinu 2024. Hagnaður samstæðunnar á árinu 2024 nam 1.390 millj. kr. Eigið fé félagsins í árslok nam 14.580 millj. kr. (2023: 11.839 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 1.000 millj. kr.

Ekki er lagt til að greiddur verði arður til hluthafa á árinu 2024, en vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Áfangar ársins

Í **apríl 2024** gekk Styrkás hf. frá kaupum á Stólpa ehf. (áður Klettaskjólí ehf.), sem er liður í stefnu félagsins um að styrkja stöðu sína á sviði eignaumsýslu- og leigustarfsemi.

Í **júlí 2024** tilkynnti Styrkás um fyrirhuguð kaup á 100% hlutafjár í Krafti ehf., sem er söluaðili MAN, Palfinger og Bucher-Municipal á Íslandi. Velta Krafts árið 2023 nam 2 milljörðum króna og hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 180 milljónum króna. Kaupsamningurinn var meðal annars gerður með fyrirvara um samþykki samkeppnisyfirvalda. Styrkás og eigandi Krafts ehf. komust að samkomulagi um að fella niður kaupsamning um kaup á 100% hlutafjár í Krafti ehf. í kjölfar þess að Samkeppniseftirlitið tilkynnti að gögn bentu til neikvæðra áhrifa á samkeppni á mögulegum mörkuðum málsins. Samrunatilkynning til Samkeppniseftirlitsins var afturkölluð í janúar 2025.

Í **desember 2024** undirritaði Styrkás hf. samkomulag um helstu skilmála kaupsamnings vegna kaupa á 100% hlutafjár í Hringrás ehf. Kaupin eru háð fyrirvörum, þar á meðal um áreiðanleikakönnun og samþykki Samkeppniseftirlitsins.

3. Áritun óháðs endurskoðanda

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Styrkás hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Styrkás hf. („félagið“) fyrir árið 2024. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru upplýsingar í ársskýrslu að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt. Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rang

4. Fjárhagur

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 2024

	Skýr.	2024	2023*
Sala	8	62,150,790	21,497,540
Kostnaðarverð seldra vara	9	(52,935,445)	(17,329,538)
Framlegð		9,215,345	4,168,003
Aðrar rekstrartekjur	10	197,128	50,480
Laun og launatengd gjöld	11	(3,986,821)	(2,445,775)
Annar rekstrarkostnaður	12	(2,304,950)	(807,904)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði		3,120,702	964,804
Afskriftir	18	(740,745)	(376,092)
Rekstrarhagnaður		2,379,957	588,711
Fjármunatekjur	14	413,540	85,575
Fjármagnsgjöld	14	(1,085,023)	(559,267)
		(671,483)	(473,692)
Áhrif dótturfélaga	21	(26,522)	1,873
Áhrif hlutdeildarfélaga	22	57,617	55,898
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1,739,570	172,791
Tekjuskattur	15	(349,173)	(63,587)
Hagnaður ársins og heildarafkoma		1,390,397	109,204

* Rekstrarreikningur samstæðunnar árið 2023 inniheldur rekstur Styrkás hf. og Kletts - sölu og þjónustu ehf. allt rekstrarárið en rekstur Skeljungs ehf. fyrir tímabilið október til desember 2023.

* Skýringar á blaðsíðum 36-61 er óaðskiljanlegur hluti af samstæðureikningnum.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023*	11.2023
Eignir				
Viðskiptavild	16	7,033,065	7,033,065	0
Aðrar óefnislegar eignir	17	84,064	82,221	0
Rekstrarfjármunir	18	5,342,930	1,151,499	0
Leigueignir	18	2,973,245	3,038,023	0
Eignarhlutir í dótturfélögum	21	162,309	104,566	0
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	22	437,530	419,748	0
Kröfur á tengda aðila	33	76,172	76,847	0
Langtímakröfur	23	0	34,152	0
Fastafjármunir		16,109,315	11,940,120	0
Birgðir	24	7,411,416	5,547,128	0
Viðskiptakröfur	25	3,466,227	3,683,972	0
Kröfur á tengda aðila	33	354,880	244,906	0
Aðrar skammtímakröfur		238,216	448,636	0
Handbært fé		4,790,084	3,574,437	360
Veltufjármunir		16,260,824	13,499,079	360
Eignir samtals		32,370,139	25,439,199	360
Eigið fé				
Hlutfé	26	1,000,000	11,679,180	500
Yfirverðsreikningur hlutafjár		11,988,181	0	0
Bundið eigið fé		1,097,413	180,488	0
Óráðstafað (ójafnað) eigið fé		493,931	(20,972)	(141)
Eigið fé samtals	26	14,		

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna samstæðunnar, að undanskildum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar eru gerð að minnsta kosti árlega.

Eignum er skipt upp í minnstu fjárskapandi einingar sem hægt er prófa fyrir virðisrýrnun og eru óháðar öðrum eignum eða fjárskapandi einingum. Viðskiptavild sem myndast vegna sameiningar fyrirtækja er skipt á fjárskapandi einingar eða hóp fjárskapandi eininga sem vænta má að njóti góðs að samlegðaráhrifum.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða fjárskapandi einingar er nýtingarvirði eða gangvirði að fráðregnum sölukostnaði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er fundið með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi. Við útreikninginn er miðað við afvöxtunarhlutfall fyrir skatta sem endurspeglar núgildandi mat markaðar á tímavirði peninga og þeirri sérstöku áhættu sem eignin felur í sér.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi ef bókfært verð eigna eða fjárskapandi eininga er umfram endurheimtanlega fjárhæð.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

q. Nýir reikningsskilastaðar og túlkanir

Nokkrar breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum gilda um fjárhagsár sem hefjast eftir 1. janúar 2024 og er heimilt að beita fyrir gildistöku þeirra. Félagið hefur hins vegar ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrir gildistíma við gerð þessara reikningsskila. Áhrif þessara breytinga eru áætluð óveruleg á reikningsskil félagsins, utan IFRS 18 sem mun breyta framsetningu reikningsskilanna. Áhrif staðalsins hafa ekki verið metin.

6. Innleiðing á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)

<

Áhrif á efnahagsreikning 31.12.2023	Árs.reikn.lög	Aðlögun 31.12.2023	IFRS
Eignir			
Viðskiptavild	6,869,413	163,652	7,033,065
Aðrar óefnislegar eignir	82,221		82,221
Rekstrarfjármunir	1,151,499		1,151,499
Leigueignir	3,038,023		3,038,023
Eignarhlutir í dótturfélögum	104,566		104,566
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	419,748		419,748
Langtímakröfur á tengda aðila	76,847		76,847
Langtímakröfur	34,152		34,152
Birgðir	5,547,128		5,547,128
Viðskiptakröfur	3,683,972		3,683,972
Kröfur á tengda aðila	244,906		244,906
Aðrar skammtímakröfur	448,636		448,636
Handbært fé	3,574,437		3,574,437
Eignir samtals	25,275,548	163,652	25,439,200

Eigið fé			
Hlutfé	11,679,180		11,679,180
Bundinn hlutdeildarreikningur	180,488		180,488
Ójafnað eigið fé	(183,373)	162,402	(20,971)
Eigið fé samtals	11,676,295	162,402	11,838,697
Skuldir			
Tekjuskattsskuldbinding	459,093		459,093
Skuldir við lánastofnanir	1,869,129		1,869,129
Leiguskuldbinding	2,843,334		2,843,334
Skuldir við lánastofnanir	1,676,809		1,676,8

11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2024	2023
Laun	3,004,292	1,730,507
Mótframlag í lífeyrissjóð	387,359	224,081
Önnur launatengd gjöld	285,968	161,606
Annar starfsmannakostnaður	28,541	28,806
Aðkeypt þjónusta starfsmannaleiga	280,662	300,775
Laun og launatengd gjöld samtals	3,986,822	2,445,775
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknað í heilsársstörf	233	168
Stöðugildi í lok tímabils	229	166

Heildarlaun og þóknanir stjórnenda félaga í samstæðunni og stjórnar náum 411,3 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 227,6 millj. kr.)

Þann 15. júlí 2024 var lykilstjórnendum í samstæðunni veittur kaupréttur að hlutum í félaginu. Eigendur kaupréttanna eiga þá rétt á að kaupa hluti í félaginu á verðinu 16,35 kr. á hlut sem uppreiknast með föstum 8% vöxtum frá fyrsta mögulega nýtingardegi.

Kaupréttinum fylgja hvorki réttur til arðsgreiðslna né atkvæði og var verðmæti kaupréttarins reiknað með því að nota Black-Scholes verðmatslíkanið og markaðsvexti og flökt á útgáfudegi. Á árinu voru 20,5 m.kr. gjaldfærðar í rekstrarreikningi vegna kaupréttanna.

Hreyfing kaupréttarsamninga greinist þannig:	Hlutir
Veittir kaupréttir á árinu	31,893,456
Staða 31. desember 2024	31,893,456
Forsendur sem notaðar eru við mat á gangvirði á veitingardegi kaupréttanna:	2024
Gangvirði á undirritunardegi	75,428
Hlutabréfaverð á undirritunardegi án vaxtauppreiknings	16.35
Samningsverð	16.35
Vænt flökt	24.50%
Væntur líftími	3-6 ár
Áhættulausir vextir	7.75%
Ávinnslut	

15. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstarreikningi greinist þannig:	2024		2023	
Tekjuskattur til greiðslu	290,557		67,140	
Frestaður tekjuskattur	133,633		(3,553)	
Tekjuskattsskuldbinding yfirtekin í samstæðu	(80,059)		0	
Mismunur á áætluðum og álögðum opinberum gjöldum	5,042		0	
Gjaldfærður tekjuskattur	349,174		63,587	
Virkur tekjuskattur í rekstrareikningi greinist þannig:				
	2024		2023	
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	1,739,570		172,791	
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	21.00%	(365,310)	20.00%	(34,558)
Áhrif breytinga á skatthlutfalli	(0.37%)	6,467	0.00%	0
Áhrif eignarhluta í félögum	(0.38%)	6,530	(6.25%)	10,805
Niðurfærsla skatteignar	(0.00%)	28	16.31%	(28,186)
Aðrir liðir	(0.18%)	3,112	6.74%	(11,648)
Tekjuskattur í rekstarreikningi	20.07%	(349,173)	36.80%	(63,587)

16. Viðskiptavild

Viðskiptavild er er prófuð fyrir virðisrýrnun árlega. Eignirnar voru metnar á gangvirði á kaupdegi.

Viðskiptavild greinist þannig:	2024</
--------------------------------	--------

18. Rekstrarfjármunir

	Fasteignir, stöðvar og dælur	Ökutæki	Eignir í út leigu	Aðrar eignir	Samtals
Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:					
Heildarverð					
Heildarverð 1.1.2023	0	0	0	0	0
Yfirtekið í samstæðu	481,768	574,751	268	377,096	1,433,883
Viðbót á árinu	36,180	86,051	88,664	166,038	376,933
Selt og niðurlagt á árinu	(29,850)	(95)	0	(5,267)	(35,212)
Heildarverð 31.12.2023	488,098	660,707	88,932	537,867	1,775,604
Yfirtekið í samstæðu	2,352,071	105,170	1,196,947	94,962	3,749,150
Viðbót á árinu	60,980	197,318	632,946	137,396	1,028,641
Selt og niðurlagt á árinu	(51,070)	(84,880)	(47,698)	(815)	(184,462)
Heildarverð 31.12.2024	2,850,079	878,316	1,871,127	769,410	6,368,933

Afskriftir					
Afskrifað 1.1.2023	0	0	0	0	0
Yfirtekið í samstæðu	116,298	214,888	241	201,398	532,825
Afskrifað á árinu	3,751	41,393	2,015	44,358	91,517
Selt og niðurlagt á árinu	0	(35)	0	(201)	(236)
Afskrifað 31.12.2023	120,049				

21. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir samstæðunnar í dótturfélögum utan samstæðu greinast þannig:				
	Eignarhlutur	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð 31.12.2024	Bókfært verð 31.12.2023
Barkur ehf., Reykjavík	100.0%	(27,156)	(7,147)	(4,991)
Ecomar ehf., Reykjavík	100.0%	(924)	160,034	101,694
Tollvörugeymsla Skeljungs ehf., Rvk	100.0%	1,557	9,421	7,864
		(26,522)	162,309	104,566
Eignir, skuldir og eigið fé dótturfélaga utan samstæðu greinist þannig:				
	Eignir	Skuldir	Eigið fé	
Barkur ehf., Reykjavík	52,538	96,760	(44,222)	
Ecomar ehf., Reykjavík	124,773	51,277	73,304	
Tollvörugeymsla Skeljungs ehf., Reykjavík	9,904	483	9,421	

22. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir samstæðunnar í hlutdeildarfélögum greinast þannig:					
	2024			2023	
	Eignarhlutur 31.12.2024	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
EAK ehf., Reykjanesbær	33.3%	55,366	426,361	50,888	410,995
Fjölver ehf., Reykjavík	33.0%	2,246	10,999	1,110	8,753
Súm ehf. Reykjavík	33.3%	4	170	0	0
Eignarhluti í hlutdeildarfélögum samtals					

